



Tungumálatorgið

Um starfsemi síðustu missera

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Bakhjarlar, samstarfsnet og starf verkefnistjóra	1
Fjölbreytt verkefni á Tungumálatorginu	3
1. Verkefni tengd íslenskukennslu, móðurmálskennslu og fjölmennningarlegu skólastarfi	3
2. Vefir og verkefni tengd erlendum tungumálum	8
3. Ýmis fleiri verkefni tengd Tungumálatorginu	9
Staða og framtíðarhorfur.....	11
Lokaorð	12
Fylgiskjöl: Úr myndasafni verkefnastjóra.....	13



Júlí 2014

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

Inngangur

Tungumálatorgið er vettvangur fyrir verkefni sem tengjast námi og kennslu tungumála og fjölmennningarlegu skólastarfi.

Í þessari samantekt er fjallað um starfsemi Tungumálatorgsins á síðustu misserum og er þráðurinn tekinn upp frá því í greinargerð sem rituð var um starfsemi torgsins í desember 2012¹. Í því plaggi var fjallað um sögu Tungumálatorgsins, tengsl verkefnisins við önnur torg, nýstofnaða MenntaMiðju og verkefni sem unnin voru á torginu árin 2010-2012.

Árið 2013 og fyrrihluta árs 2014 hafa ýmis verkefni verið unnin á vettvangi torgsins, sérvefjum hefur fjölgað töluvert og umferð um vefinn aukist umtalsvert. Hér á eftir er athyglinni beint að einstökum verkefnum, margvíslegri þróun sem haft hefur áhrif á verkefnið, starfi verkefnastjóra, stöðu og framtíðarhorfum Tungumálatorgsins.²

Bakhjarlar, samstarfsnet og starf verkefnistjóra

Samstarf sem náðst hefur í verkefninu er áhugavert módel fyrir þróunarstarf í menntakerfinu þar sem góð tenging vettvangs og fræðasamfélags næst fram.

Ýmsar stofnanir, sjóðir og skólafólk út um land allt hefur á margvíslegan máta stutt við verkefni á Tungumálatorginu frá stofnun þess. Formlegir bakhjarlar Tungumálatorgsins eru Menntavísindasvið Háskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Jöfnunarsjóður og Reykjavíkurborg sem tryggja rekstur torgsins árin 2011-2014.


Hugmyndafræði um starfssamfélög (e. Communities of Practice) er grunnurinn að starfsemi á Tungumálatorginu og reynslan hefur sýnt að tengslanet verkefnisins, þar sem góð tenging næst milli vettvangs og fræðasamfélags er mikilvægt og skapar áhugaverða umgjörð fyrir þróunarstarf í menntakerfinu. Aðild torgsins að MenntaMiðju³ og samstarf við önnur torg hefur mikið gildi fyrir verkefnið. Mismunandi torg eða gáttir eru grunneiningar MenntaMiðjunnar. Starfsemi getur verið með ólíkum hætti milli torga. Viðfangsefni torganna geta varðað samstarf og símenntun, upplýsingamiðlun, náms- efni, formlegt og óformlegt nám, kennsluáðferðir, ráðgjöf, starfsþróun og fleira. Áhersla á tengingar milli stofnana, skóla og fræðasamfélags eru lykilatriði í miðjunni.

¹ Sjá http://tungumalatorg.is/files/2013/03/Tungumalatorgid_des2012.pdf

² Auk fyrri greinargerðar og þessarar umfjöllunar er vísað á myndasafn í fylgiskjöllum og tvö myndbönd um starfsemi torgsins sem unnin voru í apríl 2013 (<https://vimeo.com/63252035>) og desember 2013 (<http://www.screenr.com/UPVH>).

³ Aðilar að MenntaMiðju (www.menntamidja.is) eru: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Samband íslenskra sveitarfélaga, Kennarasamband Íslands, Menntavísindasvið HÍ, Hug- og félagsvísindasvið HA og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar.

Starf verkefnisstjóra Tungumálatorgsins felst í margvíslegum verkum og hefur Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir gegnt því frá upphafi. Hefur hún í góðu samstarfi við fjölmarga aðila unnið að uppbyggingu torgsins. Getu má þess að Þorbjörg er nú í 50% stöðu verkefnisstjóra á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í 50% stöðu kennsluráðgjafa hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts. Samanlagt mynda þessar tvær stöður 100% stöðu verkefnastjóra Tungumálatorgsins. Reynslan hefur sýnt að tengslanet verkefnisins og þessi samsetning starfs verkefnastjóra hefur haft mikið gildi fyrir verkefnið.



Fagráð Tungumálatorgsins

Meginhlutverk fagráðsins er að vinna tillögur að því hvernig styðja má við hugmyndafræði og starfssemi Tungumálatorgsins, kynna verkefnið og auka notkun þess.

Til að efla starfsemi torgsins var fagráð Tungumálatorgsins stofnað í mars 2013. Meginhlutverk fagráðsins er að vinna tillögur að því hvernig styðja má við hugmyndafræði og starfsemi Tungumálatorgsins, kynna verkefnið og auka notkun þess.

Í fagráðinu sitja Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, deildarstjóri Tungumálavars í Laugalækjarskóla, Hulda Karen Daniélsdóttir, kennsluráðgjafi á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Renata Emilsson Peskova, enskukennari við Hlíðaskóla, doktorsnemi og formaður Móðurmáls, Samúel Currey Lefever, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, kennsluráðgjafi og verkefnastjóri Tungumálatorgsins

Hópurinn hefur faglega yfirsýn og ber ábyrgð á starfsemi torgsins. Hann greinir starfsemi torgsins, rýnir vefi, setur ritstjórnarreglur og mótar stefnu fyrir starfsemi þess. Unnið er út frá opinberri stefnu-mótun, kennslufræðilegri sýn í samhljómi við námskrár og mið tekið að niðurstöðum rannsókna. Fagráð Tungumálatorgsins hefur fundað fjórum sinnum: í mars 2013, í apríl 2013, í júní 2013 og í maí 2014.



Fjölbreytt verkefni á Tungumálatorginu

Viðamikill hluti af starfsemi Tungumálatorgsins tengist íslenskukennslu og menntamálum innflytjenda.


Helstu verkefni sem unnin hafa verið síðustu misseri á Tungumálatorginu (frá ársbyrjun 2013) eru talin upp hér að aftan. Varðandi önnur verkefni og eldri vefi á torginu er vísað í fyrrnefnda greinargerð um starfsemi torgsins sem rituð var í desember 2012⁴.

1. Verkefni tengd íslenskukennslu, móðurmálskennslu og fjölmennningarlegu skólastarfi

Viðamikill hluti af starfsemi Tungumálatorgsins tengist íslenskukennslu og menntamálum innflytjenda. Auk verkefnisstjóra hafa fjölmargir aðilar komið að starfseminni og vert er að taka sérstaklega fram að samstarf við Huldu Karen Daniélsdóttur, kennsluráðgjafa hefur skilað margvíslegum sprotum inn á torgið.

Töluvert af efni hefur bæst við marga af eldri vefjum Tungumálatorgsins. Eins hafa nýir vefir litið dagsins ljós.

- Við vefinn [Verkfærakista – íslenska sem annað mál](#)⁵ hafa bæst við tólf gátlistar sem unnir voru upp úr könnunin á upplifun fagfólks á stöðu nemenda með íslensku sem annað tungumál í grunnskólum á Íslandi árið 2009. Gátlistana má nota til að meta hvernig skólar standa sig í skipulagningu á móttöku, námi og kennslu nemenda sem læra íslensku sem annað tungumál og einnig aðlögun þeirra og hinna sem fyrir eru að breyttu skólasamfélagi.
- Þróunarverkefnið [SÍSL – Sérfræðingateymi í samfélagi sem lærir](#)⁶ sem Hulda Karen Daniélsdóttir stýrir hefur vefsíðu á Tungumálatorginu. Meðal þess sem SÍSL-verkefnið býður upp á er þjálfun og námskeið fyrir kennara í viðurkenndum aðferðum til að koma til móts við þarfir þeirra sem starfa með fjölbreytta nemendahópa.




Á vegum SÍSL-verkefnisins er boðið upp á fræðslu er tengist PALS (e. Peer-Assisted Learning Strategies), 6+1 vídd ritunar (e. 6+1 Traits of Writing) og skólaorðaforða (e. Academic Vocabulary). Á vef SÍSL-verkefnisins á Tungumálatorginu er hægt að fræðast betur um þessar hagnýtu og árangursríku náms- og kennsluleiðir sem nýtast nemendum og kennurum í skóla margbreytileikans.

⁴ Sjá http://tungumalatorg.is/files/2013/03/Tungumalatorgid_des2012.pdf

⁵ Sjá <http://tungumalatorg.is/sk/gatlistar>

⁶ Sjá <http://tungumalatorg.is/sisl>

- Viðamikilið verkefni er nefnist [Velkomin – úrræði fyrir móttöku og samskipti](http://tungumalatorg.is/velkomin)⁷ verður opnað formlega á Tungumálatorginu í nóvember 2014. Markmið þess er að útbúa samskiptatæki til að auðvelda skólum móttöku, aðlögun og samskipti við nemendur með annað móðurmál en íslensku og foreldra þeirra. Við þróun verkefnisins kom í ljós að efnið hentar einnig vel til íslenskunáms og kennslu og styður markvisst við félagsleg tengsl nýju nemendanna við samnemendur sína. Jafnframt gerir það margvísleg móðurmál nemenda sýnilegri í skólum.



Efnið skiptist upp í 14 flokka sem eru: Skrifstofa, Fyrsti dagurinn – velkomin, *Fyrstu dagarnir – rýmið*, *Stundatafla*, *Skoðunarferð*, *Samskipti kennara og nemenda*, *Hrós*, *Betri vinnubrögð*, *Hegðun*, *Nesti – hádegismatur*, *Líðan*, *Samskipti nemenda* og *Til foreldra*.

Efnið hefur nú verið talsett á íslensku, ensku, litháísku, pólsku og spænsku. Arabísk útgáfa þess er í vinnslu og stefnt er á að fjölga tungumálum á vefnum.

Rík áhersla var lögð á að gera efnið aðgengilegt í hefðbundnum tölvum og margvíslegum snjalltækjum til að auka notagildi þess.



- Á vefnum [Viltu læra íslensku](http://tungumalatorg.is/viltu-laera-islensku)⁸ er hægt að nálgast tuttugu og einn leikinn sjónvarpspátt sem tekinn er upp á heimilum, opinberum stöðum og í kennslustofu. Þættirnir voru upphaflega sýndir í sjónvarpi en eru nú vistaðir á vef Tungumálatorgsins.



Ánægjulegt er að segja frá því að notendur vefsins hafa boðið fram fleiri þýðingar á skýringar-texta hvers þáttar og til viðbótar við enska, íslenska, pólska og spænska þýðingu bættist þýsk þýðing við vefinn í maí 2013 og von er á franskri útgáfu.

⁷ Sjá <http://tungumalatorg.is/velkomin> Verkefnið er styrkt af Sprotasjóði og unnið í samstarfi Austurbæjarskóla, Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða og Tungumálatorgs

⁸ Sjá <http://tungumalatorg.is/viltu-laera-islensku>

Í desember 2013 var viðamikil viðbót við vefinn opnuð. Um er að ræða margvísleg gagnvirk verkefni með hverjum þætti. Verkefnin voru unnin með aðgengi snjalltækja í huga og sá Elsa Dóróthea Daníelsdóttir um uppsetningu og þróun verkefnanna í samstarfi við verkefnastjóra Tungumálatorgsins. Vinnan við gerð verkefnanna lagði grunn að meistaraþrófsverkefni⁹ Elsu frá MVS-HÍ.



- Eitt af stærri þróunarverkefnunum sem tengjast Tungumálatorginu er verkefnið [Okkar mál – samstarf um menningu, mál og læsi í Fellahverfi](#)¹⁰ sem hefur það að meginmarkmiði að auka samstarf skóla í Fellahverfi og stofnana í Breiðholti með það að leiðarljósi að efla félagslegan jöfnuð, námsárangur og vellíðan barna í hverfinu.

Vorið 2013 hlaut verkefnið hvatningarverðlaun skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur. Í febrúar 2014 hlaut verkefnið viðurkenninguna Orðsporið sem veitt er af kynningarnefnd Félags leikskólakennara og Félagi stjórnenda leikskóla til þeirra sem hafa þótt skara fram úr og unnið ötullega í þágu leikskóla og/eða leikskólubarna.

Verkefnið er styrkt af þróunarsjóði skóla- og frístundaráðs og tengist verkefnisstjórnastarfi Þorbjargar Þorsteinsdóttur hjá Reykjavíkurborg. Um er að ræða afmarkað verkefni sem er gott dæmi um hvernig vettvangstenging skólastarfs við akademískt starf á háskólastigi getur þrífist í tengslum við Tungumálatorgið. Í anda meginmarkmiða verkefnisins er rík áhersla lögð á að kynna það og deila afrakstri þess á Tungumálatorginu.



⁹ Sjá <http://hdl.handle.net/1946/16060>

¹⁰ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal>

- Haustið 2012 var Tungumálatorgið aðili að [Hringbingi um menntamál innflytjenda](#)¹¹. Í kjölfar Hringbingisins voru haldnir morgunverðarfundir um menntun innflytjenda í apríl, maí og júní 2013. Hægt er að nálgast efni um þingið, upptökur frá morgunverðarfundunum og samantekt mennta- og menningarmálaráðuneytis á vef Hringbingisins á Tungumálatorginu.



- Þann 20. febrúar 2013 var samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, Barnasáttmálinn, lögfestur á Alþingi Íslendinga. Í tilefni af lögfestingunni var efnt til tveggja morgunverðarfunda þar sem fjallað var um hvernig hægt sé að tryggja rétt allra barna á Íslandi óháð uppruna. Upplýsingar og efni frá fundunum eru vistaðir á [Barnasáttmála](#)¹² vef Tungumálatorgsins.



- Vefurinn [Polski ABC](#)¹³ inniheldur námsefni fyrir þá sem vilja læra pólsku. Efnið er í þemum sem eru öll eins uppbyggð. Með prentuðum texta fylgir hlustunarefni, orðaforði, æfingar, málfræðiatríði og sjálfsmat. Viðfangsefnið tengjast nánasta umhverfi barna og unglinga, skólanum, leikvelli og frístundum, bænum, heimili og vinnu. Efnið er ætlað til að auka skilning Íslendinga á máli og menningu Pólverja og hentar meðal annars vel þar sem pólskir nemendur eru í skólum.



- [Kötluvefurinn](#)¹⁴ er nú vistaður opin og aðgengilegur fyrir alla án endurgjalds á Tungumálatorginu. Á vefnum er að finna viðamikil námsefni sem stuðlar að því að auka orðaforða íslenskra grunnskólabarna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Námsefnið er að miklu leyti þannig uppbyggt að börnin geta unnið það sjálfstætt, inni í íslenskum bekkjum og/eða heima, án aðstoðar.



- [Fjölmenningarvefur barna](#)¹⁵ er annar vefur sem einnig hefur flust yfir á Tungumálatorgið. Vefurinn byggir á efni frá börnum sem hafa flutt með foreldrum sínum til Íslands víða að úr heiminum og nýtist öllum börnum á Íslandi sem koma frá þessum löndum, kennurum og áhugafólki um barnamenningu víða um heim. Vefurinn er í endurskoðun og áætlað er að hann opni uppfærður og fullbúinn síðar á þessu ári.



¹¹ Sjá <http://tungumalatorg.is/hringthing>

¹² Sjá <http://tungumalatorg.is/barnasattmali>

¹³ Sjá <http://tungumalatorg.is/polskiabc> Efnið er unnið af Anna Krzanowska (Filinska), kennsluráðgjafa í [Tungumálaveri](#). Marta Bartoszek og Emilia Mlynska sáu um íslenska þýðingu. Nemendur Önnu í 7. – 10. bekk aðstoðuðu við gerð hlustunarefnis.

¹⁴ Anna Guðrún Júlíusdóttir og Sigríður Ólafsdóttir eru höfundar Kötluvefsins: <http://tungumalatorg.is/katla/>

¹⁵ Anna Guðrún Júlíusdóttir vann Fjölmenningarvef barna ásamt nemendum sínum: <http://tungumalatorg.is/fvb/>


- Íslenska UNESCO-nefndin og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum ákváðu að efna til nokkurra viðburða í vikunni 21.-28. febrúar 2014. Þetta var gert í tilefni Alþjóðadags móðurmálsins 28. febrúar. Leitað var eftir samstarfi við fjölmarga aðila, m.a. Móðurmál – Félag tvítyngdra barna, Kennarasamband Íslands, Reykjavíkurborg og fleiri aðila, sem hafa látið sig þennan málaflokk varða.



Í móðurmálsvikunni var vakin athygli á starfi fjölmargra aðila sem tengjast ólíkum móðurmálum, hvatt til umræðu í skólum um hvernig sé hægt að koma til móts við nemendur sem tala annað móðurmál en íslensku og myndböndum um efnið komið á framfæri. Upplýsingum var einnig safnað um þau fjölmörgu og ólíku tungumál sem byggja upp tungumálaforða landsins og í lok móðurmálsvinnunnar var efnt til málþings í tilefni Alþjóðadags móðurmálsins.

Í tilefni af átakinu var [vefur um Alþjóðadags móðurmálsins](#)¹⁶ settur upp á Tungumálatorginu. Vefurinn verður áfram nýttur til að safna saman efni er tengist þessum mikilvæga og árvissa viðburði. Hann inniheldur einnig hugmyndabanka með gagnlegum hugmyndum til að koma til móts við nemendur sem tala annað móðurmál en íslensku.

Í tengslum við Alþjóðadaginn var einnig sett upp skráningarsíða á Tungumálatorginu fyrir tungumálaforða skóla. Í ljós kom að í þeim skólum sem skráðu upplýsingar eru töluð frá einu tungumáli upp í 36 tungumál. Heildarfjöldi tungumála í íslensku skólum er yfir 90.



Allir skólar sem sendu inn upplýsingar um tungumálaforða sinn fengu send rafræn viðurkenningarskjöl með þakklæti fyrir þátttöku sína. Jafnframt voru þrír skólar dregnir úr hópi allra þátttakenda. Þessir skólar fengu bókina *Eitt þúsund tungumál* sérstaklega áritaða af frú Vigdísí Finnboga-dóttur.

¹⁶ Sjá <http://tungumalatorg.is/21feb>

- Sú hefð hefur skapast að í desember opnist einn gluggi á dag í jóladagatali á Tungumálatorginu. Nú hafa fjögur jóladagatöl [jóladaatal 2010](#), [jóladaatal 2011](#), [jóladaatal 2012](#) og [jóladaatal 2013](#)¹⁷ litið dagsins ljós á Tungumálatorginu. Fyrir jólin 2013 var á hverjum degi ferðast á milli höfuðborga 25 landa og fræðst um tungumál sem töluð eru á fjölbreyttum menningarsvæðum um heim allan.




2. Vefir og verkefni tengd erlendum tungumálum

Fjölmargir vefir á Tungumálatorginu tengjast námi og kennslu erlendra tungumála.

Vefir tengdir tungumálum sem sérstaklega eru skilgreind í aðalnámskrám eru nokkrir á Tungumálatorginu. Nefna má [enska vefinn](#)¹⁸, [danska vefinn](#)¹⁹, og vefinn [Rejselærernes hjørne](#)²⁰ sem er svæði fyrir afrakstur af starfi dönsku gesta- og farkennaranna sem koma árlega til lands í gegnum danskt-íslenskt samstarfsverkefni.

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir, deildarstjóri í Tungumálaveri og formaður STÍL, samtaka tungumálakennara á Íslandi hefur tekið þátt í mótun og uppbyggingu margra verkefna á Tungumálatorginu. Það gildir meðal annars um vefi erlendra tungumála sem hún hefur umsjón með og byggir upp í samstarf við tungumálakennara sem leggja til efni og upplýsingar inn á vefina.

Brynhildur Anna Ragnarsdóttir hefur einnig tekið virkan þátt í þeim hluta af starfsemi Tungumálatorgsins er tengist fréttamiðlun til tungumálakennara. Á forsiðu torgsins birtast reglulega fréttir sem erindi eiga til tungumálakennara um land allt.



¹⁷ Sjá <http://tungumalatorg.is/joladagatal>, <http://tungumalatorg.is/joladagatal2011>, <http://tungumalatorg.is/joladagatal2012> og <http://tungumalatorg.is/joladagatal2013>

¹⁸ Sjá <http://tungumalatorg.is/enska>

¹⁹ Sjá <http://tungumalatorg.is/danska>

²⁰ Sjá <http://tungumalatorg.is/rejselaerer>

3. Ýmis fleiri verkefni tengd Tungumálatorginu

Starfssamfélag eru kjörinn farvegur til að flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum.

Nokkuð viðamikil starfsemi á Tungumálatorginu hefur tengst grunn-, framhalds- og símenntun kennara.

- Verkefnisstjóri Tungumálatorgsins hefur komið að ýmsum námskeiðum sem haldin hafa verið fyrir kennara. Nefna má [haustsmiðjur í upplýsinga- og tæknimennt](http://uttorg.menntamidja.is/haustsmidjur-2013)²¹ fyrir kennara í Reykjavík og [námskeið í gerð skólanámskrár í upplýsinga- og tæknimennt](http://uttorg.menntamidja.is/skolanamskra) í Hafnarfirði²², margvíslega fræðslu og [starfsdaga í Okkar máls verkefninu](http://tungumalatorg.is/okkarmal/fræðsla)²³ í Fellahverfi. Eins átti verkefnastjórinn aðkomu að fræðslunni [Símenntun til starfs- og skólabróunar](http://ssh.menntamidja.is)²⁴ (sem boðin er á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og miðlað er á vef MenntaMiðju) með því að klippa myndbönd frá fyrirlesturum og miðla þeim á neti.
- Tenging við grunn- og framhaldsnám á MVS-HÍ er einnig töluverð og hefur verkefnastjóri komið með fræðslu inn á námskeið á sviðinu. Sama gildir um [Menntabúðir](http://skrif.hi.is/rannum/2014/03/18/menntabudir-educamp)²⁵ (e. Educamp) í upplýsingatækni sem haldnar voru á MVS-HÍ í samstarfi RANNUM-Rannsóknarstofu í upplýsingatækni, UT-torg og fleiri aðila.
- Í samstarfi við Arnbjörgu Eiðsdóttur kennsluráðgjafa á þjónustumiðstöð Breiðholts var farið í nokkra skóla á höfuðborgarsvæðinu með kynninguna [Kennarar með íslensku sem annað mál](http://uttorg.menntamidja.is/kennarar-med-islensku-sem-annaod-mal)²⁶. Kynningunni er miðlað á netinu til allra þeirra er áhuga og gagn hafa af.
- Í faghópum kennara á Facebook hefur á síðustu misserum átt sér stað merkileg þróun sem vafalítið er upphaf að viðurkenndum liði í starfsþróun kennara. Til dæmis hafa sprottið upp á Facebook faghópar kennara í tengslum við Tungumálatorgið og systurverkefni þess á MenntaMiðju. Virkni sem sést hefur í hópunum tengist samvinnu um aðlögun námsefnis, margvíslegu efni sem deilt er til samfélagsins, umræðu sem fer fram á milli skólastiga um inntak náms, leitað er ráða, spurt er um búnað og kennslugögn, frásagnir af kennsluháttum birtast og umræða sem fer fram um inntak og útfærslu skólastarfs.



²¹ Sjá <http://uttorg.menntamidja.is/haustsmidjur-2013>

²² Sjá <http://uttorg.menntamidja.is/skolanamskra>

²³ Sjá <http://tungumalatorg.is/okkarmal/fræðsla>

²⁴ Sjá <http://ssh.menntamidja.is>

²⁵ Sjá <http://skrif.hi.is/rannum/2014/03/18/menntabudir-educamp>

²⁶ Sjá https://www.dropbox.com/s/t7l4bljsgpwsvom/foldask%C3%B3li_akt2013.pdf

- Samráð kennsluráðgjafa á hjá Reykjavíkurborg og í nýstofnuðu félagi kennsluráðgjafa á landinu öllu hefur verið töluvert og hefur haft mikið gildi fyrir starfsemi Tungumálatorgsins.

- Tungumálatorgið hefur frá upphafi haft sterka tengingu við notkun upplýsingatækni í skólastarfi. Á síðustu misserum hefur til dæmis átt sér stað áhuga-verð gerjun er tengist notkun á snjalltækjum í skólastarfi og hefur Tungumálatorgið tekið virkan þátt í samstarfi og fræðslu er tengist notkun spjaldtölva í skólastarfi.

Skólaárið 2014-2014 tók verkefnastjóri þátt í þróunarverkefnum sem tengdust spjaldtölvusmiðjum hjá nemendum í 2. bekk og valáföngum hjá nemendum í 8. og 9. bekk.

Vorið 2014 tók verkefnastjóri þátt í vinnuhópi á skóla- og frístundasviði sem vann greinargerð um notkun snjalltækja í skólastarfi.

- Tungumálatorgið var ásamt fleirum virkur aðili að stofnun [UT-torgs](http://uttorg.menntamidja.is/)²⁷ sumarið 2013 því ljóst er að samlegðaráhrif við starfsemi þess eru mikil. Markmið þess er að styðja við notkun upplýsingatækni í námi og kennslu, símenntun skólafólks og upplýsingamiðlun um tækni- og skólaþróun.
- Síðastliðin fjögur sumur hafa háskólanemar fengið sumarvinnu við Tungumálatorgið í gegnum Menntavísindasvið Háskóla Íslands með stuðningi frá Vinnumálastofnun. Vinna þeirra nema sem starfað hafa við torgið hefur verið vönduð og skilað miklum afrakstri inn á torgið. Jafnframt hafa nemar við Menntavísindasvið komið að afmörkuðum einingarbærum verkefnum á torginu og afrakstur af verkefnum nú lagt grunn að einu meistaraþrófsverkefni. Reynslan hefur sýnt að gagnkvæmur ávinningur er af þessum verkefnum og vel mætti gera meira af því að nýta þann auð sem býr í nemum á háskólastigi.
- Tungumálatorgið hefur verið kynnt með margvíslegum hætti á ýmsum ráðstefnum og kynningum um nám og kennslu. Sú mikla athygli sem Okkar máls verkefnið hefur hlotið og fjölmargar kynningar tengdar verkefninu hefur sérstaklega beint athyglinni að Tungumálatorginu. Kynningar á torginu hafa einnig farið fram í tímaritum, vefmiðlum, félagsnetum, á fundum kennsluráðgjafa og námskeiðum fyrir kennara. Í allri verkefnavinnu á torginu hefur jafnframt verið lög rík áhersla á að miðla upplýsingum og afrakstri á neti þannig að skólasamfélög alls staðar á landinu hagnist á starfsemi Tungumálatorgsins.



²⁷ Sjá <http://uttorg.menntamidja.is/>

Staða og framtíðarhorfur

Starfssamfélög eru kjörinn farvegur til að flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum.

Tungumálatorgið líkt og önnur torg á MenntaMiðju byggja á hugmyndafræði Etienne Wenger um starfssamfélög (e. Communities of Practice) og sérstaklega hugmyndum um hvernig aðkoma ólíkra aðila að slíku samstarfi stuðlar að nýbreytni og þekkingarsköpun. Starfssamfélög myndast utan um hóp eða hópa fólks sem deilir áhuga eða ástríðu fyrir viðfangsefnum sem hópurinn starfar við. Til að ná árangri hella þátttakendur sér út í sameiginleg verkefni og umræður, hjálpast að og skiptast á upplýsingum. Starfssamfélög eru því kjörinn farvegur til að flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum²⁸. Tengja má alla þætti á neðangreindri mynd um starfssamfélög við verkefni sem unnin hafa verið á Tungumálatorginu, einstaklinga sem að þeim koma og tengdar stofnanir.



Ljóst er að tengslanet verkefnisins, áhugi, hvatning, samvinna, stuðningur og sú umgjörð sem skapast hefur um verkefnið hefur leitt af sér samlegðaráhrif, byggt upp þekkingu og mótað ákveðið verklag sem skilað af sér margvíslegum sprotum. Í raun er um að ræða áhugavert módel fyrir þróunarstarf í menntakerfinu þar sem góð tenging vettvangs og fræðasamfélags næst fram.

Samkvæmt samningi sem MVS-HÍ gerði við Jöfnunarsjóð, mennta- og menningarmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg var rekstur Tungumálatorgsins þess tryggður út árið 2014. **Því er ljóst að skoða þarf rekstrarlegan grundvöll verkefnisins til að tryggja áframhaldandi þróun og stuðning við þau fjölmörgu verkefni sem fram fara á torginu.**

²⁸ Sjá <http://wenger-trayner.com>

Lokaorð

Sprotar á Tungumálatorginu teygja anga sína um allt land og stuðla að jöfnuði kennara og nemenda óháð búsetu.

Hér að framan hefur athyglinni verið beint að þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin hafa verið á og í tengslum við Tungumálatorgið á síðustu misserum.

Með því að fylgja eftir þeim sprotum sem náð hafa að dafna á torginu má sem best stuðla að samstarfi kennara án tillits til búsetu, styðja við símenntun og starfsþróun, flytja upplýsingar, miðla góðum fyrirmyndum, gefa ráð og kalla eftir viðbrögðum, samnýta þekkingu, reynslu og fé og umfram allt tryggja nemendum um allt land þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á óháð búsetu, stærð skóla.

Öllum þeim fjölmörgu aðilum sem lagt hafa verkefninu lið á síðustu árum er þakkað fyrir framlag sitt til verkefnisins sem vonandi mun halda áfram að þróast og dafna á næstu misserum.

Reykjavík 10. júlí 2014

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

Fylgiskjöl: Úr myndasafni verkefnastjóra



Rannsóknarhópur Okkar máls verkefnisins á MVS-HÍ fundar



Umfjöllun um upplýsingatækni og þróunarverkefni á námskeiði kennaranema



Hópavinnu með spjaldtölvur stýrt á námskeiði kennaranema



Á leið í vettvangsnám með ASH kennaranema. Spjaldtölvuset Menntasmiðju með í för



Meistararitgerð EDD byggð á gerð gagnvirkra verkefna á Tungumálatorginu komin úr prentun



Verkefnastjórar UT-torgs, Sérkennslutorgs, Náttúrutorgs, Tungumálatorgs og MenntaMiðju funda



Fyrsti fundur í raunheimum. Rætt um #menntaspjall á Twitter



Samráðshópur um MenntaMiðju fundar og verkefnið kynnt fyrir nýjum stjórnendum á Menntavísindasviði



Fundur verkefnastjóra er reka torg og verkefni á MenntaMiðjunni



Málstofa MenntaMiðju á Menntakviku
í október 2014



Félag kennsluráðgjafa á öllu landinu stofnað



Námskeið um upplýsingatækni haldið
fyrir kennsluráðgjafa



Fundur kennsluráðgjafa með formanni
skólastjórafélagsins



Frá fundi kennsluráðgjafa, talmeinafræðings og yfirmanns skólapijónustu á Þjónustumiðstöð Breiðhólts



Frá fundi fjölmenningatrymis á Þjónustumiðstöð Breiðhólts



Kynning á lestrarstefnu grunnskóla og læsistefnu leikskóla á vegum skóla- og frístundasviðs



Kynning á Okkar máls verkefninu á Breiðhóltsbylgjunni - sameiginlegum starfsdegi í Breiðholti



Frá Haustsmiðju kennarar í ágúst



Samráð og ráðgjöf í Breiðholti tengd kennslu íslensku sem annars máls



Samráð og ráðgjöf varðandi umsóknavinnu í Vesturbænum



Kennarar á námskeiði í vinnu með heimasíðu skóla



Frá fræðslu á vegum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um leiðsagnarmat



Stýrihópur í Okkar máls verkefninu fundar



Samráðsfundur leik- og grunnskóla í Okkar máls verkefninu



Kynning á þróunarverkefni á Stóra leikskóladeginum í ráðhúsinu



Sýnilegur afrakstur af fyrsta ári Okkar máls þróunarverkefnisins



Úr spjaldtölvusmiðju / þróunarverkefni með nemendum í 2. bekk



Frá spjaldtölvunámskeiði leikskólakennara




Frá öðru spjaldtölvunámskeiði leikskólakennara



Frá hönnunarsmiðju kennara í nóvember 2014



Frá menntabúðum (e. Educamp) í upplýsingatækni



Frá fundi og námskeiði og vinnu kennarar með nýja aðalnámskrá í upplýsingatækni.



Frá hugmyndafundi um mótun UT-torgs sumarið 2013



Frá námskeiði um vendikennslu í Keili vorið 2013



Frá vinnu með nýja og gamla kennslutækni



Frá kynningu á nýju FabLab í Reykjavík



Velkomin verkefnið og Tungumálatorgið kynnt á desemberfundi
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga